

# Íslandssaga a-k

Einar Laxness

2. útgáfa,  
aukin og endurskoðuð



Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins  
Reykjavík 1987

ALFRÆÐI MENNINGARSJÓÐS:

Hannes Pétursson: *Bókmennir*.

Ólafur Björnsson: *Hagfræði*.

Einar Laxness: *Íslandssaga* I–II.

Hannes Pétursson og Helgi Sæmundsson:

*Íslenskt skáldatal* I–II.

Ingimar Jónsson: *Íþróttir* I–II.

Vilhjálmur G. Skúlason: *Lyfjafræði*.

Guðsteinn Þengillsson: *Læknisfræði*.


Þorsteinn Sæmundsson: *Sjórnufræði* – *Rúmfræði*.

Hallgrímur Helgason: *Tónmennir* I–II.

*Íslandssaga a-k*

© Einar Laxness 1987

Setning, prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi hf.



Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands, smíðað 1915.

af eignum þrotabús skipafélagsins Hafskips, þ. á m. 3 skip.

Í stjórn E. eru 9 menn úr hópi um 13.000 hluthafa (tveir voru lengi úr hópi Vestur-Íslendinga). Fyrsti formaður stjórnar E. var Sveinn Björnsson (síðar → *forseti Íslands*); núverandi formaður er Halldór H. Jónsson. Forstjórar E.: Emil Nielsen 1914–30, Guðmundur Vilhjálmsson 1930–62, Óttarr Möller 1962–79, Hörður Sigurðsson frá 1979.

E. markaði tímamót í sögu Íslands, þar sem alísl. skipafélag var þá stofnað í fyrsta sinn og landsmenn ekki lengur háðir einvörðungu erl. aðilum um flutninga til landsins. Var E. því innilega fagnað og oft nefnt „óskabarn þjóðarinnar“.

(Guðni Jónsson: *Eimskipafélag Íslands 25 ára*, 1939; *Eimskipafélag Íslands 50 ára*, 1964; Jón Eiríksson: *Skipstjórar og skip*, 1971.)

**einkunarverzlun** Dana á Íslandi hófst að boði Kristjáns konungs IV. 20. 4. 1602 og átti að efla danska kaupmannastétt og kaupstaði, en útrýma verzlun þýzkra Hansakaupmanna á Íslandi (→ *Hamborgarar*). Átti e. rætur að rekja til → *kaupauðgissstefnu* (merkantíllisma).

Kaupmenn þriggja borga í danska ríkinu, Khafnar, Málmeyjar, Helsingjaeyrar, fengu einkaleyfi til verzlunar á Íslandi, í upphafi til 1614. Þeir áttu að skipta 20 (síðar 25) → *höfnum* milli sín fyrir tilskilinn leigumála (Vestmannaeyjar voru leigðar sér fyrir hátt gjald), skyldu flytja inn nægan og góðan varning, fylgja fornri ísl. landsvenju um verð, en í ágreiningi átti → *lögmaður* að skera úr. Að konungsboði 16. 12. 1619 tóku samtök kaupmanna í Khöfn svo til eingöngu við Íslandsverzlun og ráku hana til 1662. „*Det islandske, færøiske og nordlandske Kompagni*“ (Elzta verzlunarfélagið). Var þá ákveðinn einn og sami verzlunartaxti fyrir allt landið, skv. ákvörðun konungsvalds. Hamborgarar höfðu þó fengið leyfi til að sigla kaupförum til Íslands um sinn, þar sem dönsk borgarastétt gat ekki í upphafi séð alfarið um Íslandsverzlun; stóð svo til 1628. Raunar áttu Hamborgarar miklu lengur hlut að Íslandsverzlun, að því leyti að þeir keyptu skreið frá Íslandi af hinum dönsku kaupmönnum og seldu hana á mörkuðum í Mið-Evrópu allt fram á s.hl. 18. aldar.

Verzlun Hansakaupmanna á Íslandi hafði farið hrakandi, og e. t. v. mátti

vænta betri kjara af Dönun, en það brást. Landsmenn kvörtuðu fljótt yfir lítilli og lélegri vöru og háu verðlagi. Siglt var á færri hafnir en áður. Kærur Íslendinga voru stundum teknar til greina, en yfirleitt sigruðu kaupmenn, þegar ágreiningur varð. Gísli Oddsson, biskup í Skálholti, fór til konungs 1631 með → *bænar-skrá* → *Alþingis* um lægri verðlagsskrá en þá hafði gilt um hríð og fékk því erindi framgengt.

Nýstofnuðu félagi háttsettra stórefnamanna, svonefndra aðalútgerðarmanna, „*De fire Hovedparticipanter*“, var veitt einkaleyfi til Íslandsverzlunar 1662–83. Þá hófst vísir að *kaupsvæða-* eða *umdæmaverzlun*, þar sem hver kaupmaður hlaut einkarétt til verzlunar á ákveðnu svæði; var þeim og landsmönnum bannað að verzla utan þeirra marka.

Konungur lét bjóða verzlunina upp í Khöfn 1683, er ekkert varð af félagsstofnun. Hófst þá að marki hin alræmda kaupsvæðaverzlun („*separathandel*“). T. d. um óhagræði skipulagsins má nefna, að bændur á Svalbarðsströnd austan Eyjafjarðar áttu auðvelt með að verzla á Akureyri, en var nú skylt að fara um langan og torsóttan veg til Húsavíkur. Kunn er sagan um Hólmfast Guðmundsson, hjáleigumann á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd, sem seldi lítilræði af fiski í Keflavík 1698; átti að selja í Hafnarfirði, en kaupmaður þar hafði ekki viljað við taka. Var Hólmfastur hýddur í víðurvist amtmanns, þar sem hann hafði ekki annað upp í sektir en lélegan bát, sem ekki var lítið við. Fjöldi kærumála reis upp vegna þessa fyrirkomulags og hinn mesti rígr milli kaupmanna. Íslendingar, sem brotlegir gerðust, t. d. um launverzlun við útlendinga, voru dæmdir til búslóðamissis og oft til ævilangrar þrælkunar í járnnum á → *Brimarhólmi* í Khöfn.


Útlendingar, sem stunduðu fiskveiðar við Ísland, ráku oft allmikla launverzlun við Íslendinga, einkum Englendingar,

Hollendingar og síðar Frakkar; kvað t. d. mjög að slíkrri verzlun upp úr miðri 17. öld, þegar sigling Dana minnkaði vegna ófriðar við Svía. Hert var á eftirliti með launverzlun og víðurlögum á s. hl. 17. aldar, en þá héldu vetursetumenn af hálfu kaupmanna uppi njósnum um erl. „duggara“; þegar launverzlun jókst á ný undir miðja 18. öld, sendu Danir herskip til Íslands og Færeyja til eftirlits. Virðast Íslendingar oft hafa átt hagstæð viðskipti við duggarana.

Kaupsvæðaverzlun, ásamt harðnandi árferði um aldamótin 1700, varð orsök bænar-skrár til konungs um umbætur á verzlun. Leiddi það til nýrrar verðlagsskrár 1702, þar sem verð á erl. vörum var lækkað, dregið var úr refsingum við broti verzlunarákvæða og brýnt fyrir kaupmönnum að beita ekki harðýðgi við fátæklinga. Kaupmenn fengu hins vegar gefið eftir af leigumála. Dæmi um verðlagningu kaupmanna á þessum tíma: Þeir keyptu skippund af harðfiski fyrir 3 rd. og 32 sk., en seldu erlendis fyrir 15–17 rd.

Félagsverzlun hófst aftur 1733, er svonefndir lausakaupmenn mynduðu „*Det Islandske-Finmarske Kompagni*“. Kaupsvæðaverzlun lagðist niður, mönnum varð frjálst að verzla hvar sem væri, skyldu þó tilkynna → *sýslumönnum* það á þingum, en þeir aftur amtmönnum, sem kæmu þeirri vitneskju til stjórnvalda. Reyndust nú verzlunarhættir hagstæðari en áður.

Nýtt félag tók við 1743, *Hörmangarar*, sem höfðu boðið 16.100 rd. afgjald í hafnir og fengu einkaleyfi í 10 ár. Voru ýmsir áhrifamenn í Khöfn hluthafar. Hörmangarar hafa þótt verstir allra kaupmanna héraðs. Verðlagsskrá var brotin, vörur ónógar og sviknar, ekki siglt á tilskildar hafnir, miskunnarlaus harka og gróðafíkn réð mestu. Skortur varð svo mikill á matvöru veturinn 1753, að opna varð verzlunarhús til að fólk yrði ekki hungur-morða. 1755 var kvartað yfir því sums



Verzlunarstaður að Reykjarfirði á Ströndum, Kúvfkur (Póstkort, Þjms).

staðar, að mjöl væri maðkað, en þó var fyrst og fremst um ónógan mjölinnflutning að ræða, enda varð mannfellir. Hörmangarar sinntu ekki óskum Íslendinga eða áminningum stjórnvalda, en var loks gefinn kostur á að afsala sér Íslandsverzlun í árslok 1758 og sleppa við málsókn. Skúli Magnússon, landfógeti, átti ríkan þátt í að ráða niðurlögum félagsins og gerði ýmsar tillögur um verzlunina. Þegar aðgengileg boð fengust ekki, lét konungur reka hana á sitt eindæmi til 1763, *konungsverzlun fyrri*.

*Almenna verzlunarfélagið*, „Det kongelige octroierede almindelige Handels-Compagni i København“, stofnað 1764 að hvötum stjórnvalda, fékk einkaleyfi til Íslandsverzlunar í 20 ár og um leið yfirráð yfir → *Innrétingum* í Rvík. Komst verzlun í fyrra horf, en iðnaðarstofnanirnar níddust niður. Var félagið kært fyrir innflutning skemmdrar mjölvöru 1768, en þá var 1.000 tunnum varpað í sjó, að undirlagi Skúla fógeta, og félaginu gert að greiða 4.400 rd. skaðabæt-

ur (→ *framfarasjóður Íslands, mjölbóta-sjóður*). Skúli lét gera upptækar vörur í nokkrum kaupstöðum 1769, en beið lægri hlut í málaferlum.

→ *Landsnefnd* 1770 bárust kærur á Almenna verzlunarfélagið, og urðu þær m. a. til þess, að það var leyst frá skuldbindingum sínum í árslok 1774. Höfst þá *konungsverzlun síðari* (til 1787). Þá varð verðbreyting Íslendingum í hagstæðara lagi. Gekkt verzlun allvel fram um 1780, en fjárhagserfiðleikar (konungsverzlun varð í raun gjaldþrota), örðugt árferði og loks → *móðuharðindi* leiddu til þess, að losað skyldi um höftin og verzlun gefin frjáls við alla þegna Danakonungs, fyrst með auglýsingu konungs 18. 8. 1786 og síðan með tilskipun 13. 6. 1787, er gildi tæki 1. 1. 1788. Átti m. a. að stofna 6 → *kaupstaði* og hefði hver um sig ákveðið kaupsvæði: Rvík, Grundarfjörð, Ísafjörð, Akureyri, Eskifjörð, Vestmannaeyjar. Kaupmenn máttu verla að vild innan þess svæðis, sem kaupstað fylgdi.

Starfsmenn konungsverzlunar keyptu

verzlunarhús og hlutu aðstöðu til verzlunar, þar sem þeir höfðu starfað, gerðust þar *fastakaupmenn*, oft nefndir → *selstöðukaupmenn*.

Hin nýja skipan verzlunarmála, sem stóð 1788–1855, nefndist → *fríhöndlun*.

Nýjustu rannsóknir varðandi e. eru í doktorsriti Gísla Gunnarssonar, „Monopoly Trade and Economic Stagnation“, útg. 1983.

(Jón J. Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 1911; sami: *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*, 1919; Björn K. Þórólfsson: *Einokunarfélögin 1733–1758*. Andvari 1939; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson: *Saga Íslendinga V. – VII.*, 1942–43, 1950.)

**einveldi.** Á → *stéttapingi* í Khöfn í október 1660, – sem einkum átti að ráða fram úr fjármálum danska ríkisins, – tóku fulltrúar klerka og borgarastéttar höndum saman um að samþykkja, að Danmörk væri erfiðaríki Friðriks konungs III. í karl- og kvenlegg; áður var það kjöríki, þ.e. konungur kjörinn skv. skilmálskrá → *aðals* (s.k. handfestur), og batt hendur hans að ýmsu leyti. Hér var einkum stefnt að því að brjóta aðalinn á bak aftur, en hann hafði ekki þótt duga til landvarna í styrjöld við Svía 1657–60, auk þess sem hann neitaði skattlagningu til fjárvana ríkisfjárhirzlu og hélt fram hefðbundnu skattfrelsi. Skattheimta hvíldi því þungt á borgurum og bændum.

Á stéttapinginum voru fulltrúar aðals neyddir til að samþykkja þessa nýju skipan, enda var borgarhlíðum lokað og þeim meinuð brottför. Hins vegar náðist ekki að svo stöddu samkomulag um frekari stjórnþingingar, svo að konungur fékk frjálssar hendur til ákvarðana.

Í janúar 1661 lét Friðrik III. birta s.k. erfðaeinveldisskrá, sem send var út um landið og undirskrifuð af fulltrúum klerka, borgarastéttar og aðals, án þess nokkur þyrði að rísa upp til mótmæla. Þar

með var ríkið ekki einvörðungu erfðaríki, heldur lýstu menn fullkominni hollustu við konung og fólu honum skilyrðislaust allt vald: e. var í raun komið á. Nánari ákvæði um skipan mála birtust með *Konungalögum* 1665, þar sem e. var lýst sem grundvelli stjórnskipunar og Friðriki III. og erfingjum hans veitt algert og óskorað vald í málefnum ríkisins. Allt löggjafar-, framkvæmdar- og dómvald var með einhverjum hætti komið í hendur konungs. Hið eina, sem setti honum skörður, voru ákvæði um, að óheimilt væri að sundra ríkinu og að tryggð væri hin lúterska kirkjuskipan, skv. Agsborgarjótningunni 1555.

Með samþykkt e. missti aðall skattfrelsi, → *ríkisráð* og stéttaping var afnumið, en stjórnardeildir (kollegium) stofnaðar eða endurskipulagðar til umfjöllunar og tillögugerðar um ríkismálefni, skipaðar 8–12 ædstu embættismönnum, þ.á m. → *kansellí* og → *rentukammer* (urðu þær með tímanum 16). Forsetar þeirra (og stundum fleiri) mynduðu *leyndarráð* (Geheimkonseil) undir forsæti konungs, er þróaðist í e.k. ríkisráð (statskollegium). *Hæstiréttur* var stofnsettur sem ædsti dómstóll ríkisins.

Ein meginbreytingin fólst í því, að hin fornu umdæmi, *lén*, voru lögð niður (um 50), en þar höfðu aðalsmenn verið allsráðandi. Í stað þess var ríkinu skipt í → *ömt*, með launudum embættismönnum, *amtönnum*, og komið þar á samræmdu, fastmótuðu stjórnaritari með sömu réttarreglum um land allt, þ.á m. jafnrétti fyrir lögum; kom það einkum fram í *Dönsku lögum* Kristjáns konungs V. 1683, og telst mikil réttarbót. Var þó auðvitað langt frá, að e. kæmi á jafnrétti þegnanna í nútímaskilningi. Öll gagnrýni á e. var bönnuð, enda konungsvald talið af guðlegum uppruna; opinber umræða um stjórnarmál hófst ekki fyrir en með stofnun stéttapinga 1831.

Í stað hins gamla erfðaaðals var nýjum háaðli komið á fót með stofnun greifa- og barónsdæma 1671, m.a. skipuðum borgurum og útlendingum, einkum Þjóðverjum. Þannig urðu menn úr borgarastétt einnig gjaldgengir til embætta ríkisins í stað erfðaaðalsins; jafnframt var farið að krefjast sérþekkingar af þeim, sem lögðu fyrir sig stjórnarstörf; lagapróf var innleitt 1736. Kjör bændastéttar eru talin hafa versnað undir stjórn margra hinna nýju aðalsmanna og gósseigenda.

Samþykkt e. hafði mikil áhrif á Íslandi og breytti, áður en á löngu leið, skipan mála hérlendis. Kom það fram sumarið 1662, er ísl. forystumönnum var stefnt til fundar í Kópavogi 26.7. til að sverja Danakonungi hollustueiða og samþykkja e. hans, í viðurvist lénsherrans, Henriks Bjelkes, höfuðsmanns (→ *Kópavogsfundur*). Með e. hurfu síðustu leifar af sjálfstjórn Íslendinga smám saman til konungs (sbr. → *amt*, → *Jónsbók*).

Fríðrik konungur VII. boðaði afnám e. 1848 og nýja stjórnskipan, þar sem sérstaklega var minnt á „sérstök réttindi í hverjum landshluta“; boðað var til stjórnlagapings í Danmörku til að semja stjórnarskrá (grundloven), og gekk hún í gildi 5.6. 1849. Íslendingar áttu á því þingi 5 fulltrúa. Við afnám e. ritaði Jón Sigurðsson, forseti, → *Hugvekju til Íslendinga* í → *Ný félagsrit* 1848; hann taldi þar, að → *Gamli sáttmáli* væri á ný kominn í gildi og Íslendingar hefðu því öðlazzt fyrri réttindi, sem þeir afsöluðu sér 1662.

Í konungsbréfi 23.9. 1848 var boðað, að ákvarðanir um stöðu Íslands í ríkinu yrðu ekki „lögleiddar að fullu og öllu, fyrr en eftir að Íslendingar hafa látið álit sitt um það í ljósi á þingi sér, sem þeir eiga í landinu sjálfu“. Afleiðing þessa boðskapar var → *þjóðfundur 1851*, sem varð árangurslaus fyrir Íslendinga, svo að e. lauk raunverulega ekki á Íslandi fyrr en með → *stjórnarskrá* 1874.

(Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson:



Fríðrik III., Danakonungur 1648–70.

*Ríkisréttindi Íslands*, 1908; Einar Arnórsson: *Réttarstaða Íslands*, 1913; *Saga Íslendinga V.–VIII 1.*, 1942–55; Bergsteinn Jónsson: *Mannkynssaga 1648–1789*, 1963; sami: *Fáein orð um upphaf einveldis*. Saga 1964.)

**eldmessa**, guðsþjónusta á Kirkjubæjarklaustri 20. 7. 1783 við upphaf → *móðuharðinda*. Eldflóð frá Lakagígum stefndi þá öðfluga eftir fervegi Skaftár í átt til bæjar og kirkju, en þegar út var komið eftir messu, hafði rennslið stöðvazt nærri Systrastapa, vestan Kirkjubæjarklausturs. Töldu menn, að bænhiiti prófastsins, sr. Jóns Steingrímssonar á Prestsbakka, hefði þessu áorkað.

(*Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar*, 1913–16.)

**embættismannanefnd**, undanfari hins endurreista → *Alþingis*, stofnuð með úrskurði Fríðriks VI., Danakonungs, 22. 8. 1838. Í e. sátu 10 helztu embættismenn

landsins: Bardenfleth stiftamtmaður (forseti 1839), Hoppe stiftamtmaður (forseti 1841), Bjarni Thorsteinsson, amtmaður, Bjarni Thorarensen, amtmaður, Steingrímur Jónsson, biskup, Þórður Sveinbjörnsson, háyfirdómari, Árni Helgason, stiftprófastur, Stefán Gunnlaugsson, land- og bæjarfógeti, Páll Melsted, sýslumaður (síðar amtmaður), Björn Blöndal, sýslumaður, Jón Jónsson á Melum, sýslumaður.

E. átti að koma saman til fundar í Rvík annað hvert ár til að ræða innl. nauðsynjamál og vera konungi til ráðgjafa. Hún kom tvisvar til funda, 1839 og 1841, en var lögð niður með tilskipun um endurreisn Alþingis 8. 3. 1843.

(*Tíðindi frá nefndarfundum*, 1839–41.)

**endurskoðun**, barátta háð 1881–95 fyrir breytingu á → *stjórnarskrá* þeirri, sem fékkst 1874. Á fyrsta lögjafarþingi, 1875, kom fram sá vilji → *Alþingis*, að Íslendingar kynnu að æskja breytinga á stjórnarskránni, er reynsla væri af henni fengin, þó yrði beðið með slíkar tillögur yfirstandandi kjörtímabil, eða a. m. k. þar til á 4. þingi eftir gildistöku stjórnarskránnar, í samræmi við varatillögu Alþingis 1873. Í þakkarávarpi Efri deildar til konungs kom þó fram, að óánægju gætti með stöðu hins danska ráðherra, sem fór með Íslandsmál, en hann hafði m. a. vikið úr sæti → *Íslandsráðgjafa* við stjórnarskipti í Danmörku; auk þess var seta ráðgjafans í → *ríkisráði* gagnrýnd.

Eftir → *alþingiskosningar* 1880 hófst á Alþingi 1881 barátta fyrir e., undir forystu Benedikts Sveinssonar, → *sýslumanns*, enda komu þá áskoranir úr 5 → *kjördæmum* í þá átt. Þingnefnd lagði fram frumvarp „til endurskoðaðra stjórnskipunarlaga um hin sérstaklegu málefni Íslands“, þar sem kveðið var m. a. á um „löggjöf, dómssvald og stjórn útaf fyrir sig“ og lögð áherzla á að fá framkvæmdarval í hendur → *landshöfðingja* og ábyrgð hans fyrir

Alþingi. E. varð hvorki útrædd á þessu þingi né 1883.

1885 var barizt fyrir e., t. d. kom → *Þingvallafundur* saman (→ *Þjóðlið Íslendinga*), og í samræmi við tillögur þar var nýtt frumvarp borið fram á Alþingi af Benedikt, Jóni Ólafssyni og Jóni Sigurðssyni á Gautlöndum. Skv. því skyldi konungur skipa landstjóra með aðsetri á Íslandi, er bæri ábyrgð fyrir konungi og hefði í umboði hans æðsta vald í ísl. sér-málum, en landstjóri tæki sér allt að 3 ráðgjafa, og skyldu þeir mynda landsráð ásamt landstjóra. E.-frumvarp var samþykkt gegn mótmælum Bergs Thorbergs, landshöfðingja. Alþingi var rofið og efnt til kosninga og þar með hins fyrsta → *aukaþings* 1886. Þar var e. samþykkt, en konungur synjaði staðfestingar.

Á Alþingi 1887 báru Benedikt o. fl. fram stjórnarskráfrumvarp í meginatriðum samhljóða hinu fyrra, samþykkt í Neðri deild, ekki útrætt í Efri deild. Þingvallafundur 1888 herti á kröfum til alpm. um lausn e. Á Alþingi 1889 var e.-frumvarp flutt af sr. Sigurði Stefánssyni o. fl. og samþykkt í Neðri deild. Í Efri deild var frumvarpinu að frumkvæði Jóns Ólafssonar og Páls Briems breytt í málamíðunarátt til að gera það aðgengilegra fyrir stjórnvöld; nefndist sú stefna → *miðlun*. Var það samþykkt í Efri deild, en ekki útrætt í Neðri deild.

Í aukakosningum í 4 kjördæmum 1890 voru andstaðingar miðlunar kjörnir. Á Alþingi 1891 fluttu Benedikt Sveinsson og sr. Sigurður Stefánsson frumvarpið frá 1885–86 óbreytt; samþykkt í Neðri deild, þrátt fyrir tilraunir Páls Briems til að færa það í miðlunarátt, en í Efri deild var það fellt. Í stað þess samþykkt áskorun, flutt af sr. Arnlióti Ólafssyni, um „að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því leyti er snertir hin sérstaklegu málefni landsins“. Mælti Magnús Stephensen, landshöfðingji, með þeirri tillögu, en stjórnin tók hana ekki til greina.


Á nýkjörnu Alþingi 1893 flutti Sighvat-ur Árnason e.-frumvarp, og hlaut það samþykki í báðum deildum. Alþingi var rofið, efnt til kosninga og aukabings 1894, þar sem Benedikt lagði e.-frumvarpið fram. Hlaut það samþykki, en var synjað staðfestingar af konungi. Þingvallafundur 1895 studdi áframhald þessarar baráttu. Á Alþingi s. á. bar Skúli Thoroddsen e.-frumvarpið fram; var samþykkt í Neðri deild, vísað frá í Efri deild. Mynduðust samtök nokkurra þjóðkjörinna alm. og konungkjörinna um þingsályktunartillögu, þar sem óskað var eftir innl. ráðherra með ábyrgð fyrir Neðri deild, ísl. mál skyldu ekki borin upp í ríkisráði og stofnaður yrði innl. æðsti dómstóll í ákveðnum málum. Mælti landshöfðingi með fyrsta atriðinu, en stjórnin vísaði til-lögnum frá. Lauk þar með þessum þætti baráttunnar fyrir e.

Stefna Benedikts Sveinssonar í e.-málinu var oft við hann kennd og kölluð *Benediktiska*.

Haustið 1895 tók Valtýr Guðmundsson að beita sér fyrir lausn málsins á nýjum grundvelli (→ *Valtýska*).

(Björn Þórðarson: *Alþingi og frelsis-baráttan 1874–1944*, 1951; Magnús Jónsson: *Saga Íslendinga IX. 1.*, 1957; Odd Didriksen: *Upphaf kröfunnar um þing-ræði á Íslandi*. Saga 1961; sami: *Krafan um þingræði í Miðlun og Benediktzku 1887–94*. Saga 1968; Björn K. Þórólfs-son: *Þingvallafundur 1885 og benediktan*. Skírnir 1966; sami: *Þingvallafundur 1888 og stjórnarskrármálið*. Skírnir 1969, 1971; Gunnar Karlsson: *Frá endurskoðun til valtyisku*, 1972; Jón Guðnason: *Skúli Thoroddsen II.*, 1974.)

**enska öldin**, hófst um 1408–12, þegar Englendingar fóru að sigla til Íslands í leit að fiskimiðum, en 1413 hófst verzlun þeirra við landsmenn. Þá höfðu Björgvinjarmenn einokun á Íslandsverzlun (→ *Björgvinjarverzlun*), en sigling þeirra var



*Benedikt Sveinsson, alm. og sýslumaður, for-sýsumaður í endurskoðunarbaráttu (Þjms).*

stopul um 1400, svo að Íslendingar tóku Englendingum vel, en mótmæltu hins vegar fiskveiðum þeirra. 1413 voru um 30 enskar fiskiduggur við Ísland, og s. á. bannaði Eiríkur konungur af Pommern Íslendingum að verzla við útlendinga og ítrekaði oft síðar. 1415 kvartaði hann til enskra stjórnvalda yfir Íslandssiglingum Englendinga, og voru þær bannaðar í eitt ár, „nema skv. fornri venju“, en héldu samt áfram. S. á. fór fram ráðstefna um Íslandssiglingar í London. Upp frá þessu sigldu Englendingar til Íslands fjölda skipa árlega til veiða og verzlunar; ísl. skreið lagði undir sig enska markaðinn og hækkaði mikið í verði, innflutningur varð miklu meiri og fjölbreyttari en áður.

1419 fór Árni Ólafsson, biskup í Skálholti, þá → *hirðstjóri* yfir Íslandi, með kröfu til konungs um verzlunarfrelsi. Íslendingar gerðu greinarmun á kaup- og fiskiskipum, og voru ekki andsnúnir verzlun samhlíða fiskveiðum; kváðust þeir hafa verzlað við erl. menn, sem hafi

farið með friði og réttum kaupskap, en refsað duggurum og fiskurum, sem látið hafi ófriðlega. Kröfu um verzlunarfrelsi var ekki sinnt, en sendur danskur hirðstjóri, Hannes Pálsson, sem reyndi að framfylgja siglingabanni. Englendingar handtóku hirðstjóra og menn hans í Vestmannaeyjum, aðalbækistöð sinni, og fluttu til Englands 1425. Mögnuðust átök, og gerðu Englendingar mikinn óskunda, brenndu eða rændu kirkjur (Grímsey, Hrísey, Húsavík), rændu Bessastaði og hjuggu strandhögg á annessjum; bardagi var við Mannskaðahól á Höfðastrand í Skagafirði, sennilega 1431, og felldu hér-adsmenn þar marga Englendinga.

Erfitt reyndist á næstu árum að koma reglu á umboðsstjórn, og Ísland varð laustengt ríkisheilðinni. Konungur reyndi að efla ítök sín með tilstyrk kirkjunnar. Jón Gerreksson, danskur biskup í Skálholti og æðsti maður konungsvalds 1426–33, var drepinn (drekkt í Brúará), sennilega að tilstuðlan Englendinga. Enskur biskup á Hólum, Jón Vilhjálmsson Craxton, studdi Englendinga og reyndi að efla sjálfstæði ísl. kirkjunnar gagnvart → *erkibiskupi* í Niðarósi. Hann var flæmdur utan 1435, því að ísl. kirkjan virtist trygg konungsvaldi. 1437–47 var hollenzkur konungsgæðingur, Gozewijn Comhaer (Goðsvin), biskup í Skálholti, og hrakti hann Englendinga frá biskupsstólunum. Með Gottskálki Kenekssyni á Hólum, 1442–57, jukust samskipti við Niðarós og dönsk-norsk stjórnvöld.


1429 setti enska stjórnin lög, sem bönnuðu enskum þegnum fiskkaup í löndum Danakonungs utan Björgvinjar, en þar áttu Englendingar að njóta sama réttar til verzlunar og Þjóðverjar (Hansakaupmenn). Í upphafi urðu lögin þó einungis til þess, að enskir Íslandsfarar urðu að kaupa undanþágu frá þeim hjá enskum stjórnvöldum, án vitundar Dana.

1447 lét Danakonungur, Kristófer af Bayern, hertaka nokkur ensk skip á leið

um Eyrarsund, sökum löglauss framferðis Englendinga á Íslandi, og neyddi Englandskonung til nýrra samninga 1449. Konungar sömdu tveggja ára frið, og var ákveðið, að enskum kaupmönnum væri óheimil sigling til Íslands, Hálogalands og Finnmerkur án leyfis Danakonungs; þar með gáfust stjórnvöld upp á því að loka Englendingum leið til Íslands með lagaboðum, en létu innheimta í höfnum tolla og leyfisgjöld af skipum; keyptu margir Englendingar fararleyfi, en ýmsir sigldu án þess. Þjóðverjar, sem siglt höfðu til Íslands frá því um 1420–40, sigldu til Björgvinjar eða Englands, þar sem Þjóðverjar í Lübeck, höfuðborg Hansasambandsins í Norður-Þýskalandi, vildu ekki, að ísl. skreið bærst á meginlandsmarkað. Norsk skreiðarframleiðsla, sem þeir réðu yfir, annað eftir-spurn Hansamanna þar, svo að það var hagsmunamál, að skreið bærst ekki þangað, nema um hendur Þjóðverja í Björgvin; þeim var hagstæðast, að skreiðin lenti í Englandi, þar sem þeir verluðu ekki að ráði með fisk. Ísland hafði því lent út af skandinavísku hagsvæði.

1450 lýsti Kristján I. yfir hörðum refsiaðgerðum gegn Englendingum, ef þeir sigldu til Íslands án leyfisbréfs (→ *Langa-réttarbót*). Englendingar voru samt allsráðandi við Ísland, höfðu umsvifamikinn atvinnurekstur í landi, og konungur þeirra lét sjálfur gera út skip til Íslands og selja þegnum sínum leyfisbréf til ferðar norður eða „löngu sjóferðarinnar“, eins og það var orðað. Um 1460 tók Englandskonungur jafnvel að eigna sér landið: „vort land Ísland“ (terra nostra Islandia).

1465 sömdu konungur Dana og Eng- lendinga enn um heimild enskra manna til Íslandssiglinga með sérstöku leyfi, en hvorki til Hálogalands né Finnmerkur, sennilega að ósk Hansamanna. Eng- lendar staðfestu ekki samninginn, en Danakonungur afturkallaði öll siglinga- leyfi. 1467 drápu enskir menn hirðstjór-



Breitar og Hamborgarar berjast á Íslandshafi. Rit Olaus Magnus 1555.

ann, Björn Þorleifsson, í Rifi á Snæfellsnesi og unnu ýmis hervirki. Danir hertóku þá ensk skip á leið um Eyrarsund og gerðu enskar eignir upptækar. → *Hamborgarar* höfðu nú hyllt Danakonung og studdu aðgerðir gegn Englendingum, en fengu leyfi til Íslandssiglinga; eining þýzkra Hansaborga var að rofna við myndun tveggja hagsvæða: Eyrstrasalts- og Norðursjávarsvæða. Þjóðverjar lögðu á Íslandshaf í auknum mæli, óhindraðir af Lübeckmönnum.

Styrjaldarástand ríkti milli Dana og Englendinga 1468–90, þótt gerðir væru samningar öðru hverju, og um 30 ára

skeið var enskum skipum að mestu lokað leið inn í Eyrstrasalt. Þau sigldu þó áfram til Íslands, oft undir herskipavernd, einkum þegar Hamborgarar hófu samkeppni, og varð af ófriður. 1490 náðust samningar, og veitti Hans Danakonungur Englendingum leyfi til fiskveiða og verzlunar með öflun ferðaheimildar sjöunda hvert ár. Á → *Alþingi* s. á. var samningur konunga viðurkenndur varðandi verzlun, en fiskveiðiheimild ekki nefnd (→ *Þíningsdómur*). Í alþingissamþykkt 1500 sagði, að duggarar, sem með lóðir færu og engan annan kaupskap, væru ófriðhelgir. Skv. lögum 1429 voru Íslandssiglingar

áfram bannaðar í Englandi, en frjálsar í framkvæmd; þau lög voru afnumin 1510.

Helztu veiðistöðvar Englendinga voru Vestmannaeyjar, Grindavík, Hafnarfjörður o.fl. → *hafnir* við Faxaflóa og Breiðafjörð, m. a. Rif. Þeir eflðu ísl. útgerð, „héldu hús og garða við sjóinn“ og höfðu Íslendinga í þjónustu. 1481 bannaði konungur vetursetu og umsvif útlendinga í landinu; í Þíningsdómi 1490 var þeim bannað að hafa Íslendinga í vinnu eða stunda héðan útgerð, og oft strekað.

Hansamenn unnu ýmsar hafnir af Englendingum undir lok 15. aldar, þ. á m. Hafnarfjörð; 1486 réðust Englendingar á Þjóðverja í Hafnarfirði, hertóku skip og 11 menn. Alvarlegustu árekstrar urðu í Grindavík 1532; undir forystu → *fógeta*, Didriks frá Minden, drápu Þjóðverjar um 15 Englendinga og hertóku skip þeirra. Ári síðar sömdu þeir um það, að Englendingum, Hamborgurum og Brimurum leyfðist sem áður að verzla og fiska við Ísland, ef þeir hlittu lögum og reglum, gyldu tolla og héldu frið. Í bréfi til Íslendinga minntist konungur ekkert á fiskveiðiheimild, enda fylgdu þeir óbreyttri stefnu og viðurkenndu ekki rétt erl. manna til fiskveiða við Ísland. Staða Englendinga á Íslandi var orðin veik, og verzlun þeirra dróst saman, enda var Ísland þeim ekki jafn mikilvægt athafnasvæði og áður. Þeir voru reknir frá Vestmannaeyjum 1558; þá var kaupsigling þeirra til Íslands hverfandi (1528: 150 skip, 1553: 43 skip), en ráku launverzlun lengi á duggum, og floti fiskiskipa sigldi árlega frá Englandi til veiða á ísl. miðum.

Aðalborg ensku Íslandssiglinganna var Bishops Lynn í Norfolk, en að auki tóku flestar hafnarborgir þátt í Íslandsferðum á 15.–16. öld, einkum Great Yarmouth, Ipswich, Bristol, Hull, London. Englendingar sigldu til Íslands frá febrúar–apríl og sneru heim í júl–september. Þeir fluttu fjölskrúðugan varning, einkum matvörur, korn, smjör, bjór, vín,

ennfremur alls konar fatnað og klæði, járnvörur, veiðarfæri, við og smærri varning. Þá munu þeir hafa flutt til landsins ýmiss konar listmuni, kirkjugripir o. þ. h. Íslendingar seldu þeim fyrst og fremst skreið, einnig eitthvað af vaðmáli, skinnum, brennisteini og fálkum.

Tvisvar sinnum munu Danakonungar hafa reynt að veðsetja Ísland og Færeyjar Hinriki VIII., Englandskonungi, þegar þeir voru að brjótast til valda og skorti fé: Kristján II., er hann var landflótta 1523–24, og Kristján hertogi í Holstein, síðar Kristján III., 1535–36, sem taldi Íslandi sérstaklega til gildis, að þar fengist brennisteinn (→ *brennisteinsverzlun*). Ekki er þess getið, að Englandskonungi hafi litizt á að taka þessum boðum.

(Björn Þorsteinsson: *Enskar heimildir um sögu Íslendinga á 15. og 16. öld*, 1969; sami: *Enska öldin í sögu Íslendinga*, 1970.)

**erfðahyllingin**, → *einveldi*, → *Kópavogsfundur*.

**erkebiskup**, æðsti maður kirkju í ákveðnu umdæmi næstur páfa. Skv. almennum kirkjulögum (kanónískum rétti) bar hann ábyrgð á biskupskjöri og vígslu → *biskups*, kvaddi saman biskupaþing umdæmis og vísiteraði biskupsdæmi. Til e. var áfrýjað dómum stólbiskupa (lýðbiskupa). E. veitti kirkjuembætti í förföllum biskupa og setti eftirlitsmenn með auðum biskupsstólum.

Ísl. kirkjan laut e. í Brimum í þýzka keisaradæminu frá upphafi til 1104, síðan e. í Lundi, sem þá tilheyrði Danmörku, til 1153; þá var e. vígður til Niðaróss í Norgei, og voru Íslendingar undir hann settir til → *sidaskipta* eða 1537, þegar e. flýði land. E. komu aldrei til Íslands, en sendu erindreka, *visitatora*, til eftirlits með kristnihaldi. Eysteinn e. beitti fyrstur, svo að vitað sé, refsivendi kirkjunnar gegn Íslendingum með → *bannfæringu* á

sökum ónógrar eða engrar siglingar sum ár.

H. var skipt í *fiskih.* og *sláurh.* eftir afurðum (sumar þó hvort tveggja: Eyrarbakki, Stykkishólmur, Eyjafjörður); þóttu fiskih. vænlegri til gróða og um þær mjög keppt, svo að leiga þeirra hækkaði mjög; 2 h. voru í sérflökki: Húsavík sem brennisteinsh. og Reykjarfjörður á Ströndum sem lýsish. Gert var ráð fyrir, að ákveðnar sveitir fylgdu hverri h. til verzlunar, þótt slíkt væri í raun frjálst, þar til *kaupsvæðaverzlun* (→ *einokunarverzlun*) var komið á 1684 (til 1733) með ströngum viðurlögum við brotum.

Á eftirtaldar h. var siglt á einokunartíma: *Suðurland*: Vestmannaeyjar, Eyrarbakka, Grindavík, Bátsenda, Keflavík, Hafnarfjörð, Hólminn (Reykjavík); *Vesturland*: Búðir, Stapa, Rif, síðar Ólafsvík, Kumbaravog og Grundarfjörð, Stykkishólm; *Vestfirðir*: Patreksfjörð, Bíldudal, Dýrafjörð, Ísafjörð (Skutulsfjarðareyri), Reykjarfjörð; *Norðurland*: Skagaströnd (Höfðakaupstað), Hofsó, Akureyri, Húsavík; *Austurland*: Vopnafjörð, Reyðarfjörð, síðar Eskifjörð, Berufjörð (Djúpavog).

Við lok einokunar fengu 6 verzlunarsaðir sérstök kaupstaðarréttindi: Rvík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar; ekki urðu þau réttindi til frambúðar, nema fyrir Rvík, og stóð við svo búið fram á s. hl. 19. aldar. Bæir og → *kaupstaðir*, sem mynduðust á 19. öld, voru yfirleitt við verzlunarsvæði. frá s. hl. miðalda, með nokkrum undantekningum, t. d. Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Akranes, Ólafsfjörður, Saudárkrókur o. fl.

Á h. einokunartíma risu upp verzlunarsvæði kaupmanna við sjóinn, venjulega með litlum trúbrögðum fyrir framan, en þeim fjölgaði og urðu stærri á s. hl. 19. aldar, m. a. þegar þilskipaútvægur var hafinn að marki (→ *sjávarútvægur*); að öðru leyti voru engar h.-framkvæmdir á

Íslandi fyrir en á 20. öld. Við uppskipun vara og mannflutninga úr stærri skipum, t. d. gufuskipum í föstum póstferðum, varð að nota báta milli skips og lands.


H.-mannvirki voru reist í Rvík 1913–17, en hafa síðan risið hvert af öðru í kaupstöðum og kaupsvæðum við sjávarsvæðuna. Lög um h. voru sett 1946 (ná til 113 stærri og smærri h.), og leggur ríkisvaldið fram ¾ byggingarkostnaðar. H. í Njarðvíkum, Rífi á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn kallast *landsh.* og eru kostaðar einvörðungu af ríki. *H.-málastofnun ríkisins* (stofnuð 1967) fer með framkvæmd h.-mála undir stjórn h.- og vitamálastjóra; æðstu yfirstjórn hefur samgönguráðherra, en honum til ráðuneytis er þriggja manna h.-ráð.

(Jón J. Adólf: *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*, 1919; Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga I.–II.*, 1956, 1958; Björn Þorsteinsson: *A fornum slóðum og nýjum*, 1978; Helgi Þorláksson: *Miðstöðvar stærstu byggða*. Saga 1979.)

**Hamborgaralin**, → *alin*, → *stikulög*.

**Hamborgarar**, *Hansakaupmenn*, þýzkir kaupmenn, sem upphaflega hófu siglingar til Íslands um 1420 og stunduðu þær til um 1440, seldu landsmönnum varning og keyptu skreið. Um það leyti voru Englendingar að mestu einir í siglingum til landsins, enda Hansakaupmönnum bannað 1416 að sigla beint frá Íslandi til meginlands Evrópu, eða til Hansaborga í Þýzkalandi, þar sem Hansakaupmenn í Björgvin (einkum frá Lübeck) önnuðu eftirspurn eftir skreið á meginlandinu (→ *enska öldin*).

Hamburg var í uppgangi á s. hl. 15. aldar, og H. hylltu Kristján I., Danakonung, sem hertoga sinn, en hann naut stuðnings þeirra gegn Englendingum. Eining þýzka Hansasambandsins var að rofna, og það greindist í 2 kaupsvæði: Eyrstrasalts- og Norðursjávarsvæði. Kristján I. veitti H.



Þýzkur Hansakuggur á 15. öld.

rétt til Íslandssiglinga 1468, þótt norska → *rikisráðið* mótmælti hvað eftir annað, að undirlagi Lübeckkaupmanna.

Heimildir tilgreina, að H. hafi á ný sent skip til Íslands 1475, og réðu brátt stórum hluta Íslandsverzlunar, en fleiri þýzkar borgir fylgdu á eftir. 1478 var Dídrik Pining, þýzkur flotaforingi H. og admírall Danakonungs, skipaður → *hirdstjóri* (höfuðsmaður) á Íslandi; styrkti hann mjög stöðu konungsvalds og ruddi H. braut. H. sigldu vel vígbúnum skipum til landsins og lentu í átökum við Englendinga, sem nutu herskipaverndar. H., Brimarar o. fl. unnu ýmsar → *hafnir* af Englendingum á s. hl. 15. aldar, m. a. Hafnarfjörð; 1486 réðust Englendingar úr Straumsvík á Þjóðverja í Hafnarfirði, hertóku þýzkt skip og 11 Þjóðverja. S. á

kærðu Englendingar fyrir konungi sínum, að Þjóðverjar hindruðu verzlun þeirra á Íslandi og í Björgvin og Danir styddu Þjóðverja. Hansakaupmenn áttu eignir í Englandi og höfðu þar verzlunarréttindi, en enska stjórnin hótaði þeim hörðu, ef þeir áreittu Englendinga við Ísland, svo að þeir hættu Íslandsferðum, nema frá Hamburg og Bremen; kaupmenn þaðan fluttu þó skreið enn um sinn frá Íslandi til Englands.

Um 1500 juku H. skreiðarútflytning frá Íslandi á markað á meginlandi Evrópu. Danakonungur gaf 1490 Íslandsverzlun frjálsa fyrir Englendinga, Hollendinga og Þjóðverja; í sambandi við þá ráðstöfun var → *Piningsdómur* kveðinn upp á → *Alþingi* s. á., vegna óspekta milli Englendinga og Þjóðverja. — Í Hamburg var stofnað bræðralag heilagrar Önnu 1492 og kallað Anna Íslandsfari; var það við lýði fram á 19. öld.

H. stunduðu nær eingöngu verzlun hérlendis, og reistu hús á kauphöfnum, en sums staðar stóðu þeir að útgerð í samvinnu við Íslendinga, t. d. á Suðurnesjum. Þeir hlíttu yfirleitt ísl. lögum, sendu fulltrúa á Alþingi og studdu innl. umbodsstjórn gegn Englendingum. Mikil átök urðu oft milli H. og Englendinga, t. d. í Grindavík 1532, þar sem 15 Englendingar voru drepnir og skip hertekin. Hins vegar sömdu H., Brimarar og Englendingar 1533 um verzlun og fiskveiðar við Ísland, að því tilskildu, að farið væri að lögum. Samt höfðu H. hrakið Englendinga að mestu á brott um 1540.

Á 16. öld er getið um 24 kauphafnir á Íslandi, sem Þjóðverjar virðast sigla reglubundið á. Á f. hl. 16. aldar munu H. hafa svipaða tölu skipa í ferðum; 1535 er tilgreint, að 16–17 skip í Hamburg séu alþúin til Íslands eða Björgvinjar, en H. ekki áður sent nema 8–10 skip árlega. Undir miðja 16. öld var danski flotinn orðinn svo öflugur, að ekki þurfti lengur herstyrk H. á Íslandsmiðum, og meðal



Dana voru ráðagerðir um, að þeir tækju verzlun við Íslendinga í sínar hendur. Konungur bannaði H. vetursetu á Íslandi 1542, og 1544—45 gerði hirðstjóri útgerð þeirra upptæka, m. a. 45 fiskibáta, sem þeir höfðu gert út með landsmönnum. H. brugðust illa við, kærðu og kröfðust skaðabóta, án árangurs, og reyndu að varna Dönnum viðskipta við landsmenn. Upp úr þessu hófst svonefnd *konungs-útgerð* á Sudurnesjum undir stjórn valds-  
manna á Bessastöðum (til 1770). Konungur veitti borgarráði Khafnar 1547 Ísland að léni til 10 ára, og skylði það sjá um skipasiglingu til landsins; kaupmenn í höfuðborginni voru þó ekki tilbúnir til slíkra siglinga. Heimildir greina frá því 1550, að H. sigli árlega til Íslands 20 skipum eða fleiri, en Danir hafi 2 lítil skip.

Baráttan harðnaði sífellt milli H. og Dana um Íslandsverzlun. Um 1560 áskildi konungur sér einkarétt á afurðum, sem H. höfðu sótt eftir, t. d. brennisteini, fálkum, lýsi o. fl. Um 5 ára skeið, 1574—79, var H. bönnuð öll verzlun á Íslandi, en síðan veitt verzlunarleyfi að nýju, sem 1585 var takmarkað við ákveðnar hafnir, svo að danskir kaupmenn fengu beztu hafnirnar. S. á. sigldu H. á 15 hafnir á 14 skipum, en Brimárar, Lübeckmenn o. fl. á 8 hafnir á 8 skipum; danskir kaupmenn urðu stöðugt ágengari, eftir því sem borgarastétt eflidist.

Kristján konungur IV. tilkynnti H. um 1600, að framvegis muni danskir kaupmenn einir sitja að Íslandsverzlun, og 1602 hófst → *einokunarverzlun* Dana. Þrátt fyrir það sigldu H. til Íslands á vegum danskra kaupmanna, en konungur reyndi að koma í veg fyrir það, svo og að siglt væri með ísl. afurðir til Hamborgar í stað Khafnar; 1623 var fyrirskipað, að Glückstad væri útsölustaður ísl. afurða, og brátt lögðust niður siglingar H. til Íslands; mun síðasta kaupfar þeirra hafa komið 1628; eftir það var eingöngu lítils háttar launverzlun.

H. fluttu Íslendingum svipaðar vörur og Englendingar, en keyptu einkum fisk, auk þess lýsi, brennistein, vadmál og fálka. Þeir virðast hafa orðið fyrstir til að flytja héðan æðardún, sauða- og nautakjöt, lambskinn og gærur; á s. hl. 16. aldar lærðu Íslendingar að prjóna, og þá var prjónles einnig flutt út: sokkar, vettlingar og leistar. Meðal innfluttra nýjunga var brennivín; ennfremur fengu Íslendingar vopn frá H. fram eftir 16. öld, enda studdu landsmenn oftast Þjóðverja í átökum við Englendinga.

Íslendingar urðu fyrir miklum menningarhrifum frá H. Ein merkilegasta nýjung, sem þeir kynntust, var prentverk, sem Jón Arason, Hólabiskup, mun hafa keypt frá Hamborg um 1530. Einnig fékk Ögmundur Pálsson, Skálholtsbiskup, s. k. „orgelwarck“ eða orgel frá Hamborg. Ísl. siðaskiptafrömuðir, t. d. Gissur Einarsson, fyrsti lúterski biskupinn í Skálholti, stunduðu nám í Hamborg. Barátta H. og Dana um verzlun léttadist inn í átök um → *siðaskipti* á Íslandi; hafa H. orðið einna fyrstir til að flytja lúterskan sið til landsins, en siðaskipti urðu í Hamborg 1528, og um 1534 reistu þeir kirkju á Háagranda í Hafnarfirði, þar sem þýzkir, lúterskir prestar þjónuðu; mun þessi þýzka kaupmannakirkja hafa verið við lýði fram um 1600.

(Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602—1787*, 1919; Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga II.*, 1958; Björn Þorsteinsson: *Enska öldin í sögu Íslendinga*, 1970.)

**handgengnir menn**, → *hirð*.

**handhafar forsetavalds**, 3 aðilar, skv. 8. gr. → *stjórnarskrár*, sem fara með vald → *forseta Íslands* um stundarsakir, ef forseti fellur frá, dvelst erlendis, er sjúkur eða aðrar ástæður valda. Þessir aðilar eru forsetisráðherra, forseti Sameinaðs → *Alþingis* og forseti → *Hæstaréttar*; stjórnar

forseti Sameinaðs Alþingis fundum þeirra, t. d. í → *ríkisráði*, en meirihluti ræður, ef ágreiningur kemur upp. Við lok Alþingis hefur forseti Hæstaréttar nokkrum sinnum lýst yfir þingslitum sem h.

**Hansakaupmenn**, → *enska öldin*, → *Hamborgarar*.

**haugfé**, gripir, sem grafnir voru með mönnum í heidnum sið (→ *ásatrá*) og funditz hafa í haugum, þ. e. gröfum eða svonefndum → *kumlum*, og er h. aðaleinkenni heidinnar grafar, en andstætt kristnum hugmyndum. Þó geta grafir, sem eru frá fyrstu tímum kristni, áður en föst kirkjuskipan komst á, haft að geyma h.; einnig getur gróf frá heidni verið án h., t. d. grafir fátæklinga.

Mikill fjöldi gripa daglegs lífs hefur verið h., og hafa um 40 tegundir þeirra funditz í ísl. gröfum, en af þeim eru algengastir hestar, spjót, hnifar, gjarðarhringjur, sörvistölur (perlu), brýni, axir og kúptar nælur, en að auki hundar, beizli, klæði, metaskálar, sverð o. m. fl. Ríkulegasta h. hefur verið í 3 gröfum: Í Kaldárhöfða í Grímsnesi, á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi og í Baldursheimi við Mývatn.

(Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, 1956.)

**Haugnessfundur**, fór fram 19. 4. 1246 að Haugsnesi við Djúpadal í Blönduhlíð í Skagafirði. Þórður kakali Sighvatsson, höfðingi → *Sturlunga*, kom úr Eyjafirði með um 600 manna lið vestur í Skagafjörð gegn Brandi Kolbeinssyni, höfðingja → *Asbirninga*, sem réð héruðum milli Öxnadalshéiðar og Hrutafjarðar eftir lát frænda síns, Kolbeins unga. Brandur hafði um 700 manna lið til varnar.

H. varð mannskæðasta orrusta á Íslandi; þar féll Brandur og rúmlega 60 manns af liði hans, en tæplega 40 af liði

Þórðar. Með H. var veldi Ásbirninga lokið, en Þórður kakali um hrifð valdamestur norðanlands.

Skömmu eftir H. kom höfðingi → *Haukdæla*, Gissur Þorvaldsson, með her sunnan Kjöl til baráttu gegn Þórði; þeir sættust þó á að skjóta málum til Hákonar konungs í Noregi, en báðir voru hirðmenn hans.

**Haukdælir**, ein völdugasta höfðingjaætt á Íslandi á → *þjóðveldisöld* (godaveldisöld), kenndir við Haukadal í Biskups-tungum. Þeir voru taldir til frændsemi við Noregskonunga. H. áttu auðvelt um þingsóknir, m. a. til → *Alþingis* á Þingvöllum, voru allsráðandi í Arnessþingi (→ *vorþing*) og höfðu lengi yfirráð yfir aðalbiskupsstóli landsins, Skálholti.

Ættfaðir H. var Ketilbjörn gamli, → *landnámsmaður* á Mosfelli í Grímsnesi, og afkomendur hans voru upphaflega nefndir *Mosfellingar*. Sonarsonur hans var Gissur hvíti Teitsson, goði í Skálholti, forystumaður → *kristniöku*. Sonur hans, Ísleifur Gissurarson, nam fyrstur Íslendinga skólalærdóm (í Herford á Saxlandi), kjörinn til → *biskups* 1056, fyrstur ísl. manna í því embætti; í vígsluferð sinni sótti hann heim → *erkibiskup* í Brimum (þar sem hann var vígður), Heinrek III., Þýzkalandskeisara (sem hann gaf grænlenzkan hvítbjörn) og páfa í Róm.

Synir Ísleifs Gissurarsonar voru Gissur, sem varð biskup eftir föður sinn 1080, og Teitur, sem stofnsetti skóla í Haukadal og fósturáði sagnaritarann Ara fróða. Gissur gaf kirkjunni Skálholt til biskupsseturs, og Haukadalur varð þá aðalhöfuðból ættarinnar, sem síðan nefndist H. Þeir eignuðust öll → *godorð* í Arnessþingi, en misstu yfirráð yfir Skálholti, þegar Hallur Teitsson, biskupsefni, lézt í vígsluför 1150, og → *Oddaverjar* náðu völdum á biskupsstólnum. Gissur Hallsson, → *lögsögumaður* († 1206), dvaldist við → *hirð* Noregskonungs, fór til Rómar